



Breidholt

TILRAUNAVERKEFNI
Lokaskýrslajúní2018



HEILSU EFLANDI
BREIÐHOLT 

Efnisyfirlit:

Inngangur

Undirbúningur

Framkvæmd og helstu verkþættir

Niðurstöður

Næstu skref

Viðaukar

- I Ummæli um verkefnið
- II Samþykkt borgarráðs Reykjavíkur dags. 22. nóvember 2017
- III Auglýsingar um TUFF Breiðholt
- IV Grein í Breiðholtsblaðinu mars 2018
- V Grein í Morgunblaðinu, dags. 18. júní 2018
- VI Skrá yfir fundi

Inngangur

TUFF Breiðholt er tilraunaverkefni framkvæmt í Breiðholti af alþjóðlegu samtökunum The Unity of Faiths Foundation (TUFF) og Reykjavíkurborg. Markmiðið með verkefninu var að auka þátttöku 6–15 ára barna og unglunga í íþróttá- og tómstundastarfi með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna. Með verkefninu eru íþróttir markvisst notaðar til þess að tryggja aðlögun barna að íslensku samfélagi, sjálfsmynd styrkt, kennd gagnkvæm virðing og gildi íslensks samfélags, grunnréttindi og skyldur, með Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til hliðsjónar.

TUFF samtökin voru stofnuð í Bretlandi árið 2011 og hafa skipulagt sambærileg verkefni frá árinu 2013, í London í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið, á Indlandi, í Ástralíu og Brussel. TUFF vinnur að verkefnum sem miða að samfélagslegri einingu, styður við mikilvæg samfélagsleg gild, sporna gegn fordómum og brúa menningarlegt bil milli barna af fjölbreyttum uppruna. Einnig hefur verið lögð áhersla á verkefni sem miða að því að koma í veg fyrir eða uppræta öfgahyggju. Sjá nánar heimasíðu: <https://theunityoffaiths.org/>.

Verndarar TUFF eru Francis Páfi en einnig hafa Obama forseti Bandaríkjanna og Modi forsætisráðherra Indlands lýst yfir stuðningi. TUFF Ísland var stofnað í mars sl. sem liður í að framkvæma verkefni á Íslandi og samþykkti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson að gerast verndari.

TUFF Breiðholt tilraunaverkefnið var samþykkt með tillögu til borgarráðs Reykjavíkur þann 22. nóvember 2017 þar sem verkefninu er nánar lýst. Verkefnið var rekið á vegum Reykjavíkurborgar, en lykilaðilar væru eftirfarandi: Þjónustumiðstöð Breiðholts sem stýrði verkefninu f.h. Reykjavíkurborgar, grunnskólar í Breiðholti, íþróttafélögin ÍR og Leiknir, tómstundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, starfsstöð lögreglunnar á Dalvegi sem sinnir verkefnum í Breiðholti, mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur, ÍTR og ÍBR. Sendiráð Bretlands á Íslandi, ÍSÍ og KSÍ studdu einnig við verkefnið.

Lögð var áhersla á að tilraunaverkefnið samræmdist og styddi við önnur verkefni Reykjavíkurborgar sem fyrir eru í Breiðholti. Má þar nefna forvarnarverkefnið Heilsueflandi Breiðholt og geðheilbrigðisverkefni. Markmið var að tilraunaverkefnið yrði sjálfbært til framtíðar.

Við upphaf verkefnisins lágu fyrir niðurstöður könnunar frá júní 2017 um þátttöku barna og unglunga í íþróttum í Breiðholti og nýtingu frístundakortsins í Reykjavík. Þar kom fram að nýting frístundakortsins er heldur lakari í Breiðholti en annars staðar í Reykjavík, með um 80% nýtingu í neðra Breiðholti og um 62% í efra Breiðholti. Þá kom einnig fram að færri börn og unglingar af erlendum uppruna taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi en íslenskir jafnaldrar þeirra og þekking foreldra barna af erlendum uppruna á íþróttastarfi er minni en íslenskra. Samkvæmt þessu var þörf á sérstöku átaki í Breiðholti til að efla þátttöku erlendra barna og unglunga í íþróttum. Breiðholt var því afar áhugavert hverfi fyrir TUFF tilraunaverkefnið.

Undirbúningur

Undirbúningur verkefnisins hófst í ágúst 2017 með heimsókn fulltrúa TUFF til Íslands til þess að kynna sér umhverfið á Íslandi. Verkefnið var kynnt m.a. með utanríkisráðherra og framkvæmdastjóra KSÍ sem lögðu til að Breiðholt gæti orðið fyrir valinu fyrir tilraunaverkefni héraðs. Í framhaldinu kynnti TUFF verkefnið einnig fyrir fulltrúa Reykjavíkurborgar, fulltrúum íþróttafélaganna ÍR og Leiknis í Breiðholti og hverfisstjóra í Breiðholti sem lýstu áhuga á að framkvæma verkefnið. Í framhaldi af því var tillaga lögð fyrir borgarráð og samþykkt þann 22. nóvember 2017 og kynnti borgarstjórnin í Reykjavík tilraunaverkefnið á hverfisfundum í Breiðholti um það leyti. Undirbúningur verkefnisins hófst í október 2017, en framkvæmd þess stóð frá febrúar til maí 2018.

Skipulag TUFF Breiðholt var í höndum verkefnahóps sem hafði það hlutverk að útfæra verkefnið. Fundir voru oftast vikulega frá október 2017 til maí 2018. Verkefnahópurinn samanstóð af eftirfarandi aðilum: Dr Shamender Talwar og Hrund Hafsteinsdóttir stofnendur TUFF Ísland, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri í Þjónustumiðstöð Breiðholts, Nichole Leigh Mosty verkefnisstjóri í Þjónustumiðstöð Breiðholts, Þráinn Hafsteinsson íþróttastjóri ÍR, Helgi Óttarr Hafsteinsson framkvæmdastjóri Leiknis og Dr Þórdís Lilja Gísladóttir verkefnisstjóri Heilsueflandi Breiðholt.

Samþykkt var að íþróttafélagin ÍR og Leiknir myndu bjóða nýliðum í íþróttum fría þátttöku í þrjá mánuði á vorönn 2018. Þjálfarar félaganna fengu fimm vinnustofur sem skipulagðar voru af TUFF þar sem Dr Talwar kenndi aðferðafræði TUFF. Áhersla var lögð á að verkefnið stæði öllum börnum í Breiðholti til boða en sérstaklega var reynt að ná til barna af erlendum uppruna. Jafnréttissjónarmið voru mikilvægur liður í verkefninu og var markvisst hvatt til aukinnar þátttöku stúlkna.

Til þess að stuðla að sem bestum árangri verkefnisins þurfti skilning og samhljóm allra eininga Breiðholtsamfélagsins. Virkt samráð var þvert á stofnanir og lögð var áhersla á að ná til sem flestra. Fundir og kynningar voru skipulagðar í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og sérstakt kynningarefni útbúið á nokkrum tungumálum til dreifingar í öllu hverfinu. Markmiðið var að ná til allra íbúa í Breiðholti. Allir voru þátttakendur.

TUFF verkefnið var framkvæmt undir yfirskriftinni: “Ég er TUFF. Lifum saman, leikum saman” og “Við erum TUFF”. Er það sambærilegt slagorð og notað er annars staðar þar sem TUFF verkefni eru framkvæmd, svo sem í Bretlandi. Er markmiðið með því að skapa liðsanda og stuðla að því að börn og unglingar skynji að við erum öll hluti af stærri heild burtséð frá búsetu, bakgrunni eða uppruna.

Framkvæmd og helstu verkþættir

1. TUFF almennur kynningarfundur

TUFF Breiðholt tilraunaverkefnið hófst formlega þann 24. janúar 2018 með almennum kynningarfundum í Menningarhúsinu Gerðubergi. Þar komu saman um 50 manns frá lykilaðilum í Breiðholti og fulltrúi TUFF, hverfisstjóri og fulltrúar ÍR og Leiknis kynntu fyrirkomulag verkefnisins. Meðal þátttakenda voru skólastjórnendur og kennarar frá grunnskólum í Breiðholti, frístundamiðstöðvum, félagsmiðstöðvum, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (lögreglustöð á Dalvegi sem sinnir verkefnum í Breiðholti), Þjónustumiðstöð Breiðholts, Fjölskyldumiðstöð Breiðholts, trúfélögum og Móðurmál, samtök um tvítýngi.

2. Vinnustofur fyrir þjálfara íþróttafélaganna

Fyrsti liður í verkefninu var að undirbúa íþróttafélögin ÍR og Leikni fyrir þátttöku. Skipulagðar voru fimm vinnustofur frá janúar til febrúar 2018 þar sem Dr Talwar, sálfræðingur frá Bretlandi og stofnandi TUFF kynnti þjálfara fyrir aðferðafræði TUFF.

Aðferðafræðin felur í sér að íþróttir og tómsundir eru nýtt sem mikilvægur vettvangur til þess að kenna börnum viðurkennd gildi samfélagsins. Viðurkenndar leikreglur samfélagsins eru tengdar við hliðstæðar leikreglur íþróttar. Auðveldara er fyrir börn að tileinka sér skilaboðin í gegnum leikinn. Áhersla er lögð á að kenna gagnkvæma virðingu, umburðarlyndi og samkennd, óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- og stjórnmálaskoðunum, kyn- og kynhneigð og annarri stöðu. Sérstök áhersla var lögð á kynjajafnrétti og eflingu stúlkna í gegnum íþróttir.

Þegar börn af erlendum uppruna eiga í hlut er þeim einnig kennd sérkenni í hefðum og menningu viðkomandi samfélags. Aðferðir og efnisinnihald þarf því að laga að viðkomandi samfélagi.

Rætt var við þjálfarana um mikilvægi þess að nýta þátttöku barna í íþróttum og tómsundum til þess að ná til foreldra og virkja þau í viðkomandi samfélagi. Oft geti það reynst auðveldara á vettvangi íþróttar í kringum æfingar og keppnir. Þegar um er að ræða börn af erlendum uppruna er mikilvægt að nýta allar leiðir til þess að stuðla að því að fjölskyldur aðlagist íslensku samfélagi. Þátttaka barna þeirra í íþróttum og tómsundum stuðli enn frekar að samskiptum barna og foreldra af erlendum og innlendum uppruna og aðlögun.

3. Fundir með skólastjórnendum grunnskóla

Afar gott samstarf var við skólastjórnendur allra grunnskóla í Breiðholti. Fundir voru haldnir með öllum skólastjórnendum þar sem TUFF verkefnið var kynnt og rætt um hvernig best væri hægt að ná til allra barna í hverjum skóla og foreldra þeirra.

Skólastjórnendur leyfðu að verkefnið yrði kynnt á skólatíma og var það lykilatriði í að ná til allra barna á aldrinum 6–15 ára. Kynningar voru skipulagðar í samstarfi við viðkomandi skólastjórnendur og aðlagðar að þeirra óskum. Einnig veittu skólastjórnendur aðstoð við að tengjast foreldrum foreldraráðum og félögum í hverjum skóla.

4. Almennt kynningarstarf og auglýsingar

Markmiðið var að öll börn og foreldrar þekktu TUFF verkefnið. Rík áhersla var því lögð á að kynna verkefnið vel, m.a. með eftirfarandi leiðum: Veggspjöld voru hönnuð á fimm tungumálum og hengd upp víðsvegar um hverfið. Dreifimiðar voru einnig prentaðir á fimm tungumálum og afhentir öllum börnum í grunnskólum í töskupósti. Kynningarbréf voru send innan mentor-kerfisins til allra foreldra grunnskólabarna í Breiðholti og foreldrafélög grunnskóla í Breiðholti voru virkjuð til þess að kynna verkefnið á sínum vegum.

Þessu til viðbótar sendu íþróttafélögin kynningarbréf til foreldra allra skráðra iðkenda og Breiðholtsblaðið sem dreift er á öll heimili í Breiðholti birti þrjár greinar um verkefnið. Auk þess voru margvíslegar aðrar kynningar á samfélagsmiðlum á vegum stofnana og félagasamtaka í hverfinu.

5. Kynningar í grunnskólum

Kynningar fóru fram í öllum grunnskólum í Breiðholti í febrúar og mars í samstarfi við skólastjórnendur og kennara. Kynningar voru undirbúnar í samstarfi við skólastjóra viðkomandi skóla. Sérstakar kynningar voru einnig haldnar fyrir kennara í Breiðholtsskóla og Hólabrekkuskóla þar sem rætt var um fyrirkomulag kynninga og þess hlutverks sem kennarar geta gegnt til þess að hvetja börn til aukinnar þátttöku í íþróttum og tómstundum.

Kynningar voru haldnar á skólatíma. Alls voru kynningar 15 talsins, stóðu yfir í 20 mínútur og náðu til yfir 2.300 nemenda:

- Ölduselsskóli 5. og 6. febrúar fyrir 455 nemendur
- Seljaskóli 7. og 9. febrúar og 12. apríl fyrir 650 nemendur
- Hólabrekkuskóli 22. febrúar fyrir 491 nemendur
- Breiðholtsskóli 23. febrúar fyrir 429 nemendur
- Fellaskóli 15. mars fyrir 328 nemendur

Nemendum var skipt í þrjá hópa eftir aldri, 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Fulltrúar frá TUFF, ÍR, Leikni og Þjónustumiðstöð Breiðholts kynntu TUFF verkefnið og þann félagslega ávinning sem fæst af því að stunda íþróttir og tómstundir. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að börn og unglingar leggi sitt fram og taki virkan þátt í að skapa betra samfélag. Möguleikar frístundakortsins voru einnig kynntir.

Í lok hverrar kynningar voru börnin beðin um að segja saman “Ég er TUFF” og “Við erum TUFF”, sem eru slagorð verkefnisins. Með því var verið að skapa liðsanda og gefa þau skilaboð að við erum öll í sama liðinu burtséð frá bakgrunni eða uppruna.

Öll börn í Breiðholti á aldrinum 6-15 ára og kennarar þeirra fengu því kynningu um TUFF Breiðholt tilraunaverkefnið, gagnsemi íþróttar og tómstunda ásamt helstu upplýsingum um notkun frístundakortsins.

6. Skráning barna og unglunga í íþróttir

Skráning þátttakenda í TUFF verkefnið hófst í lok febrúar. Þjálfarar íþróttafélaganna ÍR og Leiknis tóku sérstaklega vel á móti nýliðum sem skráðu sig í gegnum verkefnið og hugað var að félagslegum tengslum bæði barna og foreldra þeirra.

Á tilraunatíma verkefnisins (3 mánuðir) höfðu alls 37 börn skráð sig sem aldrei höfðu stundað íþróttir áður, þar af voru 20 stúlkur og 14 drengir. Börn af erlendum uppruna voru samtals 24. Sundurliðun eftir félögum var eftirfarandi:

- Skráningar í ÍR: 27 börn, þar af 16 stúlkur og 11 drengir. Af erlendum uppruna voru 19 börn, þar af 13 stúlkur og 6 drengir. Af íslenskum uppruna voru 8 börn, þar af 3 stúlkur og 5 drengir.
- Skráningar í Leikni: 10 börn, þar af 7 stúlkur og 3 drengir. Af erlendum uppruna voru 5 börn, þar af 4 stúlkur og 1 drengur. Af íslenskum uppruna voru 5 börn, 3 stúlkur og 2 drengir.

Sérstök áhersla hafði verið lögð á í verkefninu að hvetja til aukinnar þátttöku stúlkna og barna af erlendum uppruna og því jákvætt að þessir tveir hópar voru í meirihluta barna sem hófu þátttöku á tímabilinu og höfðu aldrei stundað íþróttir áður.

Athygli er vakin á að framkvæmd verkefnis sem þessa í Englandi stendur í um 12 mánuði en ekki 3 mánuðir svo sem var um TUFF Breiðholt.

Öll börn og foreldrar í Breiðholti fengu fræðslu um verkefnið og um samfélagslega gagnsemi þess að taka þátt í íþróttum og tómstundum. Standa vonir til þess að það haldi áfram að skila sér í fleiri nýskráningum á næstunni.

7. Kynningar í frístundaheimilum

Kynningar fóru einnig fram í öllum frístundaheimilum. Tilgangurinn með því var að ná til barna utan skólatíma þar sem meiri tíma gefst til þess að ræða við þau um gildi íþróttar og tómstunda og hvetja þau til þátttöku. Eftirfarandi frístundaheimili voru heimsótt á alls 12 fundum þar sem börnum var skipt niður eftir aldri: Hólmasel, Hraunheimar, Álfheimar, Vínasel, Regnboginn, Bakkasel, Bakkinn og Miðberg.

8. Kynningar í félagsmiðstöðvum

Kynningar voru haldnar í febrúar og mars fyrir unglunga í félagsmiðstöðvum í Breiðholti og fundur var haldinn með starfsfólki félagsmiðstöðva. Algengt var að þar væru unglingar sem höfðu hætt íþróttum nýverið. Í samtölum TUFF við unglungana kom fram að þeim fannst skorta hvatningu til þess að hefja þátttöku að nýju. Einnig vildu þau fá tækifæri til þess að gera gagn í samfélaginu og voru reiðubúin að bjóða fram aðstoð sína að kostnaðarlausu sem þjálfarar eða leiðbeinendur.

Er Fjölskyldumiðstöð Breiðholts nú að skoða hvernig hægt er að virkja þennan mikilvæga hóp í auknum mæli til góða fyrir nærsamfélagið.

9. Vinna með félagsráðgjöfum

TUFF hélt nokkra fundi með félagsráðgjöfum í Breiðholti. Rætt var um hvernig TUFF verkefnið gæti verið liður í því að stuðla að skjótari aðlögun barna og foreldra að íslensku samfélagi. Í framhaldinu hafa félagsráðgjafar í Breiðholti ákveðið að samþætta verkefnið inn í verkferla með þeim hætti að börnum foreldra sem til þeirra leita verður sjálfkrafa beint inn í íþróttir og tómstundir sem liður í aðlögun og vellíðan barnanna.

Breski sendiherrann á Íslandi, Michael Nevin, heimsótti einnig félagsráðgjafa í Breiðholti í tengslum við verkefnið en hann hefur stutt verkefnið sem er breskt að uppruna. Var það í fyrsta sinn sem breskur sendiherra heimsækir samfélagsþjónustu í Breiðholti svo vitað sé og mæltist afar vel fyrir.

10. Samstarf með skólaþjónustu Breiðholts

Skólaþjónusta við leik- og grunnskóla í Breiðholti hefur þróað öflugt þverfaglegt samstarf við stofnanir í hverfinu og unnið að breyttu vinnulagi, svonefnt Breiðholtsmódel, sem Reykjavíkurborg hefur yfirfært á önnur hverfi.

Breiðholtsmódelið er framlag Íslands til verkefnis á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og felst meðal annars í þverfaglegri samþættingu úrræða og snemmtækri íhlutun fyrir börn og ungmenni í áhættuhópum. Taldi skólaþjónustan ávinning í því að tengjast TUFF verkefninu. Með því væri unnt að hvetja börn í áhættuhópum til þátttöku í íþróttum og tómstundum og í gegnum þátttökuna vinna betur þeim og foreldrum þeirra.

11. Stuðningur sendiráðs Bretlands á Íslandi

Þar sem verkefnið kemur upprunalega frá Bretlandi naut TUFF góðs stuðnings frá sendiherra Bretlands á Íslandi, Michael Nevin. Fyrir utan heimsókn sendiherrans á kynningarfund fyrir félagsráðgjafa í Breiðholti um verkefnið var TUFF boðið að vekja athygli á verkefnum sínum í afmælisboði drottningar sem haldið var upp á í júní.

Í ræðu sinni við það tækifæri minntist sendiherrann sérstaklega á TUFF sem dæmi um verkefni sem ýti undir „gildi um jafnrétti, sjálfsmynd, heilbrigt líferni og virðingu fyrir öðrum og að enginn sé skilinn útundan“. Birtist ræðan í Morgunblaðinu 18. júní sl.

12. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

TUFF átti fundi með Ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í september 2017 þar sem verkefnið var kynnt. Lýstu þau stuðningi við verkefnið og lýstu áhuga á þátttöku. Taldi lögreglan að þar gæti skapast tækifæri til þess að stuðla að auknum tengslum og trausti gagnvart lögreglunni í hverfinu, ásamt því að byggja upp jákvæða ímynd af lögreglunni meðal allra íbúa hverfisins.

Ákvað lögreglustjóri að starfsstöð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á Dalvegi sem sinnir verkefnum í Breiðholti tæki þátt með einhverjum hætti. Var kynning á tilraunaverkefninu skipulögð fyrir alla starfsmenn stöðvarinnar á Dalvegi í góðu samstarfi við yfirlögregluþjón á staðnum. Meiri tíma hefði þurft í tilraunaverkefnið til

þess að fylgja þessum mikilvæga þætti eftir og skipuleggja heimsóknir lögreglu í einstaka þætti verkefnisins.

13. Kynningarfundir með ÍBR, ÍSÍ, KSÍ

Á tímabilinu ágúst 2017 til mars 2018 var TUFF verkefnið kynnt fyrir forráðamönnum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) sem lýstu stuðningi við verkefnið. Kom fram almennur vilji að ef vel tækist til með tilraunaverkefnið í Breiðholti gæti það orðið fyrirmynd til þess að framkvæma verkefnið í öðrum hverfum og bæjarfélögum umhverfis landið. Lýstu KSÍ og ÍSÍ áhuga á að koma með virkari hætti að verkefninu ef TUFF Ísland framkvæmdi verkefnið víðar.

14. Kynning í Pólska skólanum og fundur með pólska sendiherranum

TUFF skipulagði fund með pólska sendiherranum og pólska skólanum á Íslandi. Kynning var haldin í pólska skólanum í febrúar fyrir nemendur og foreldra, en um 340 börn stunda þar nám. Var verkefnið þannig kynnt sérstaklega fyrir pólska samfélaginu hérlandis. Mörg börn sem sækja skólann eru búsett utan Breiðholts, frá Suðurnesjum til Sauðárkróks og létu foreldrar í ljós áhuga á að TUFF verkefnið verði framkvæmt víðar til þess að auðvelda aðlögun barna að íslensku samfélagi.

15. Kynningar og fundir með Móðurmál, samtökum um tvítýngi

TUFF hitti fulltrúa Móðurmál til þess að ræða hvernig unnt er að ná betur til barna og foreldra af erlendum uppruna. Voru kynningar haldnar í pólska skólanum og spænska skólanum. TUFF tók einnig þátt í alþjóðlegum degi Móðurmáls sem haldinn var í Gerðubergi í febrúar á vegum Móðurmál og var með kynningarbás þar sem verkefnið var kynnt.

16. Fundir með trúfélögum

TUFF skipulagði fundi með nokkrum trúfélögum á Reykjavíkursvæðinu. TUFF kemur með mikilvæga reynslu frá verkefnum í London og víðar þar sem íbúar eru fólk af ólíkum uppruna og trúarbrögðum. Trúfélög eru oft miðpunktur félagsstarfs meðal fólks af erlendum uppruna og því mikilvægt að vera í góðu samstarfi við þau sem mikilvægur liður í að ná betur til foreldra barna af erlendum uppruna.

Mun lengri tíma hefði þurft í verkefnið til þess að geta rætt við öll trúfélögin og gera þau að virkum þátttakendum í verkefninu. Mikilvægt er að fylgja þessum þætti eftir með markvissum hætti.

Niðurstöður

Verkefnahópurinn vekur athygli á eftirfarandi atriðum:

- Mikilvægt er að vinna heildrænt og samþætta allar einingar samfélagsins sem tengjast velferð barna og unglunga.
- Íþróttir og tómstundir þyrftu að verða formlegur hluti af þverfaglegri samþættingu úrræða fyrir börn og ungmenni í áhættuhópum. Aukin þátttaka barna og unglunga í íþróttum og tómstundum er til hagsbóta fyrir samfélagið í heild og ætti því ekki að vera eingöngu hlutverk íþróttafélaga og þeirra sem reka tómstundastarf að hvetja til þátttöku.
- Aðferðir til þess að ná til og auka þátttöku barna og unglunga þarf að sníða eftir því hvaða hópur á í hlut, þ.e. út frá efnahagslegum aðstæðum, uppruna, þjóðerni og trúarlegum gildum. Mikilvægt er að nýta ólíkar leiðir til þess að ná til ungmenna og foreldra þeirra.
- Efla þarf samstarf við öll trúfélög, sérstaklega til þess að ná til barna og foreldra af erlendum uppruna. Trúfélög gegna mikilvægu hlutverki í menningu margra þjóðerna og því mikilvægt að huga að virku samstarfi með þeim.
- Sérstaklega verði hugað að unglingum sem sækja félagsmiðstöðvar og skoðað hvernig hægt er að nýta þennan öflugna hóp til þess að láta gott af sér leiða í nærsamfélaginu. Íþróttafélög heimsæki einnig stöðvarnar reglulega og hvetji unglingana til þátttöku eða finni þeim hlutverk sem leiðbeinendur.
- Ekki var alltaf nægileg þekking á frístundakortinu og möguleikum þess, sérstaklega hjá foreldrum af erlendum uppruna. Oft var þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttum minni en raunverulegur áhugi gaf til kynna. Ástæðan var sú að frístundakortið hafði þegar verið nýtt til þess að greiða fyrir kennslu í erlendu tungumáli fyrir börn (móðurmáli).
- Gagnlegt var að nýta reynslu TUFF frá verkefnum í London þar sem fjölbreytileiki samfélagsins er meiri en hérlendis og ólík þjóðerni hafa búið saman í áratugi. Mikilvæg reynsla frá Bretlandi nýttist því vel við framkvæmd verkefnisins.
- Íþróttafélagið ÍR taldi mikið gagn vera af þeim tengslum sem myndast hefðu innan hverfisins, svo sem við félagsmiðstöðvar og tómstundaheimilin. Kynningar og fundir í tengslum við verkefnið hafi skilað sér í aukinni virðingu og skilningi á starfi félagsins og almennt sé mun meiri jákvæðni gagnvart starfinu.
- Verkefni sem þetta þarf lengri tíma og er eitt ár raunhæfur tími til þess að verklagið og aðferðafræðin skili sér sem best. Er það í samræmi við þá tímalengd sem verkefni sem þessi hafa tekið t.d. í Bretlandi.

- Gagnlegt er að halda fund í lok ágúst með lykilaðilum í Breiðholti sem vinna með börn og unglunga til þess að ræða framkvæmd og reynsluna af TUFF tilraunaverkefninu. Markmiðið með slíkum fundi væri að bæta og efla enn frekar samstarf og samþætta úrræði fyrir börn og unglunga.
- Samfélagsverkefni sem þetta þarf að framkvæma með aðkomu og vitneskju viðeigandi ráðuneyta, ásamt því að útfæra á sveitarstjórnarstigi. Forvarnargildi verkefnisins er ótvírætt og mikilvægt að börn og unglingar, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta af heild. Það gerir þau sterkari einstaklinga í samfélaginu, tryggir betri árangur þeirra í námi og gefur þeim mikilvægt veganesti inn í lífið. Verið sé að gæta sameiginlegra hagsmuna þjóðfélagsins í heild til framtíðar.

Næstu skref

- Fundur verði haldinn í lok ágúst með lykilaðilum sem vinna með börn og unglunga í hverfinu til þess að ræða afrakstur TUFF tilraunaverkefnisins og hvernig unnt verði að byggja áfram á reynslunni af því með það markmið að efla samstarf og samþætta úrræði fyrir börn og unglunga.
- Litið verði til reynslunnar af TUFF Breiðholt við framkvæmd TUFF verkefnisins annars staðar, bæði í Reykjavík og umhverfis Ísland. TUFF Ísland sé að hefja samstarf við Íþróttafélagið KR og með Kópavogi og Garðabæ í ágúst n.k.

Reykjavík, 22. júní 2018

F.h. Reykjavíkurborgar
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Elísabet Karlsdóttir
Nichole Leigh Mosty

F.h. TUFF Ísland
Hrund Hafsteinsdóttir
Dr Shamender Talwar

F.h. Heilsueflandi Breiðholt
Þórdís Lilja Gísladóttir

F.h. ÍR
Þráinn Hafsteinsson

Viðaukar

I Ummæli um verkefnið

Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti:

Markmiðið með samstarfinu við TUFF var að auka samvinnu og þátttöku íbúa vegna velferðar barna sem búa í Breiðholti. Með góðu samstarfi við íþróttafélögin í hverfinu hefur athygli verið vakin á gildi þátttöku í íþróttastarfi og þeim jákvæðu áhrifum sem lífstílstengd iðkun hefur á uppeldi og þroska barna. Undir slagorðunum „Ég er TUFF, leikum saman, lifum saman“ hefur tekist að auka meðvitund allra sem koma að málefnum barna og ungmenna á mikilvægi þess að allir séu með á sínum forsendum. Tala þessi skilaboð beint inn í það öfluga fjölmenningsarsamfélag sem er að þróast í Breiðholti og er hvatning til þess að bjóða alla nýja íbúa velkomna. Aukning hefur orðið á fjölda barna og ungmenna í íþróttum vegna verkefnisins og eru væntingar um að þetta muni hafa jákvæð áhrif á enn meiri fjölgun þátttakenda.

Meginárangur TUFF er að tekist hefur að virkja mjög fjölbreyttan hóp aðila í samvinnu um þessi skýru markmið og þar með er unnið gegn aðgreiningu og félagslegri einangrun með tilheyrandi áskorunum. Þar gegna grunnskólarnir lykilhlutverki ásamt Þjónustumiðstöð, móðurmálsfélögunum og frístundamiðstöð. Lögregla, trúfélög, félagasamtök, foreldrafélög, sundlaug og fjölmargir aðrir aðilar hafa tengst verkefninu og hjálpað til við að virkja fólk. Fellur það vel að markmiðum okkar um heilsueflandi samfélag eða heilsueflandi Breiðholt eins og forvarnarstefna hverfisins heitir. Verkefnið hefur tengt samfélagið betur og undirstrikað að saman getum við skapað enn öflugra samfélag, ekki síst fyrir börnin!

Þráinn Hafsteinsson íþróttastjóri ÍR:

Í nóvember 2017 var óskað eftir því að ÍR tæki þátt í verkefni með Reykjavíkurborg, TUFF samtökunum og Leikni sem hefði það að markmið að auka þátttöku barna í Breiðholti í íþróttastarfi með sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna. Í verkefninu er íþróttþátttaka hugsuð sem leið fyrir börn og foreldra af erlendum uppruna til að aðlagast íslensku samfélagi. Þátttaka í verkefninu var samþykkt innan ÍR og hefur íþróttastjóri félagsins séð að mestu um að sinna verkefninu og skipulagi þess innan ÍR. Undirbúningur fór fram í nóvember, desember og janúar.

Í lok janúar og fyrri part febrúar fóru fram kynningarfundir með samstarfsaðilum, fræðslufundir fyrir þjálfara og kynningar á verkefninu í grunnskólum, frístundaheimilum, meðal iðkenda ÍR og foreldra þeirra, í móðurmálskólum, kirkjum og moskum. Fyrstu börnin komu svo til þátttöku hjá ÍR seinni part febrúar. Alls hafa um 30 börn komið til þátttöku hjá ÍR í gegnum TUFF verkefnið. Þau fá að æfa frítt í þrjá mánuði og eru skráð sérstaklega undir merkjum TUFF í skráningarkerfi félagsins.

Ávinningurinn af TUFF verkefninu hingað til hefur verið á fá ný börn til að iðka íþróttir sem ekki hafa verið áður. Þá hefur íþróttastarf ÍR verið kynnt á mun víðari grunni í gegnum verkefnið en áður hefur þekkt og mikilvæg tengsl myndast sem eflaust verða

nýtt í framtíðinni við að nálgast börn og unglinga. Hjá ÍR er stefnt að því að nýta áfram aðferðafræði TUFF verkefnisins eins og mögulegt er.

Foreldri barns hjá ÍR:

Í dag þegar ég sótti dóttur mína á æfingu bað hún mig um að skutla nýrri stelpu í liðinu heim til sín. Hún hafði hafið æfingar sama dag. Ég vissi um TUFF verkefnið sem hafði verið kynnt í skólum og blöðum hér í hverfinu. Stelpurnar útskýrðu að TUFF væri mikilvægt til þess að eignast fleiri vini og blandast inn í hópinn. Þarna var stelpa mín að styðja við þetta verkefni með því að aðstoða þessa stelpu. Ég var stolt af því að dóttir mín hafi þarna skilið hversu mikilvægt það er að taka vel á móti fólki og hugsa um hvernig öðrum líður. Takk fyrir að koma með verkefnið hér til okkar í Breiðholt.

Foreldri barns hjá Leikni:

My son came home from school and asked if he could start football at Leiknir. He wanted to before because he is friends with a boy who practices there. He was always shy to ask. At his school you (verkefnastjóri) came and offered them a chance to join and asked children who are practicing to help them get started. He said he was ready. It is good he can start to try for free. I hope he likes it and makes more friends. We can learn about using the frístundakort from the city.

Þjálfari hjá ÍR:

Ég hef alltaf unnið eftir því að öll börn eigi að hafa jöfn tækifæri á íþróttaiðkun óháð uppruna. Hins vegar komu fram í fræðslunni margir ágætir punktar sem ég get nýtt í mínu starfi. Ég hef yfir áratuga reynslu af því að vinna með börnum og er með nokkuð fast mótaðan stíl í þeim efnum. Verkefnið undirstrikar að mikilvægi ÍR og annarra íþróttafélaga er jafnvel enn meira en ég gerði mér grein fyrir.

Félagsráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts:

Frábær kynning og ánægjulegt að það sé markvisst verið að koma börnum Breiðholts í skipulagðar íþróttir og verið sé að nálgast ÖLL börn í Breiðholti. Lengi hefur verið vitað hversu mikilvæg forvörn það er að börn stundi skipulagðar tómsundur. Þess vegna er mikilvægt að verið sé að veita öllum börnum tækifæri til íþróttaiðkunar óháð efnahag með því að bjóða börnum frítt fyrstu þrjá mánuði.

Elísabet Karlsdóttir forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvar í Gerðubergi, Þjónustumiðstöð Breiðholts:

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að börn sem eiga foreldra sem eru atvinnulausir eða njóta fjárhagsaðstoðar bera skarðan hlut frá borði þegar kemur að tómsundum, eins t.d. tónlistarnámi og íþróttum. Þau nýta einnig síður frístundakortið en önnur börn og nýta jafnvel ekki sérstaka fjárhagsaðstoð sem hægt er að sækja um vegna barna. Þessi börn sækja frekar félagsmiðstöðvarnar í borginni og fara í bíó, eða því um líkt en stunda íþróttir. Af þessu leiðir að félagsauður þeirra er minni og tækifæri til að rjúfa félagslega arfinn með því að auka félagsleg tengsl þeirra líka.

TUFF verkefnið er því mjög mikilvægt tækifæri fyrir þessi börn til að taka þátt í almennri íþróttaiðkun. Þar með eykst félagslegt tengslanet þeirra og tækifæri þeirra til betra lífs í framtíðinni.

II Samþykkt borgarráðs Reykjavíkur dags. 22. nóvember

Borgarráð

Tilraunarverkefni - TUFF Breiðholt

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg hefji samstarf við alþjóðlegu góðgerðasamtökin TUFF (The Unity of Faiths Foundation) um tilraunaverkefni til að auka þátttöku barna og unglunga (7–15 ára) í íþrótt- og tómstundastarfi í Breiðholti með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna. Verkefnið gengur út á það að nota tómstundir og íþróttir markvisst til þess að styrkja sjálfsmynd og sjálfsöryggi barna og ungmenna, kynna viðurkennd gildi íslensks samfélags og grunnréttindi þeirra og skyldur, þar á meðal Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Kostnaður vegna verkefnisins er 5 mkr. og er hverfisstjóra Breiðholts falið að halda utan um verkefnið fyrir hönd Reykjavíkurborgar og verður verk-, tíma- og kostnaðaráætlun lögð fyrir borgarráð.

Greinargerð:

TUFF hefur skipulagt slík verkefni víðsvegar í London frá 2013, í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið og vinnur einnig með borgarstjóranum í London. Einnig eru rekin sambærileg verkefni í Brussel og Ástralíu.

Tilraunaverkefnið verður rekið á vegum Reykjavíkurborgar en lykilaðilar verkefnisins eru: Þjónustumiðstöðin Breiðholti, sem mun jafnframt stýra verkefninu f.h. Reykjavíkurborgar, grunnskólar, tómstundamiðstöðvar, íþróttafélög, Lögreglustjórinn í Reykjavík, mannréttindaskrifstofa, ÍTR og ÍBR. Auk þess hafa KSÍ, ÍSÍ, breska sendiráðið og ríkislögreglustjóri þegar lýst stuðningi við verkefnið. Allir lykilaðilar mynda verkefnahóp sem mun hittast reglulega og meta gang verkefnisins.

Í Breiðholti búa mörg börn af erlendum uppruna og um 40% þeirra taka ekki þátt í tómstunda- og íþróttastarfi af neinum toga. Lögð er þó áhersla á að verkefnið standi öllum börnum í Breiðholti til boða, af erlendum og íslenskum uppruna. Fræðsla og þjálfun TUFF mun standa öllum börnum í Breiðholti til boða sem taka þátt í frístundastarfi af einhverjum toga. Verklega þjálfun mun standa þeim til boða sem taka þátt í tómstundum sem flokkast undir hreyfingu, þ.e. dans og íþróttir. Breiðholtið varð fyrir valinu sem vettvangur tilraunaverkefnisins m.a. vegna þess að nýting frístundakortsins hefur verið minni þar en í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að tilraunaverkefnið samræmist og styðji við önnur verkefni Reykjavíkurborgar sem fyrir eru í Breiðholti. Má þar nefna forvarnarverkefnið Heilsueflandi Breiðholt, geðheilbrigðisátak o.fl. Einnig verður skoðað hvernig verkefnið getur stutt við HÖFÐA Friðarsetur Reykjavíkurborgar.

Tilraunaverkefnið stendur yfir í 3 mánuðir en markmiðið er að verkefnið verði sjálfbært til framtíðar. Fulltrúi frá TUFF (Dr Shamender Talwar) verður á staðnum í 6 vikur til þess stýra verkefninu, veita ráðgjöf og leiðbeina þjálfurum og þátttakendum. TUFF mun svo fylgja verkefninu eftir og heimsækja 2-3 sinnum á næstu 2 mánuðum þar á eftir. Mikilvægur undirbúningsþáttur verkefnisins er að það verði vel kynnt fyrir foreldrum og börnum og verður sérstök áhersla lögð á að ná til foreldra. Kynningarefni verður komið á framfæri á nokkrum tungumálum og kynningar verða skipulagðar í samstarfi við íþróttafélög, skóla og hverfismiðstöð, bæði fyrir foreldra og börn. Þátttaka jákvæðra fyrirmynda af íslenskum og erlendum uppruna verða mikilvægur hluti af verkefninu.

Tilraunaverkefninu TUFF Breiðholt verður formlega ýtt úr vör í byrjun janúar. Verkefnahópur mun meta tilraunaverkefnið með reglubundnum hætti. Að þremur mánuðum liðnum munu Reykjavíkurborg, TUFF og lykilaðilar tilraunaverkefnisins meta árangur þess. Með hliðsjón af því munu samstarfsaðilar, Reykjavíkurborg and TUFF, ákveða næstu skref, þ.á.m. hvort og hvar verkefnið verður útfært annars staðar í Reykjavík. Markmiðið er að reynslan af tilraunaverkefninu TUFF Breiðholt verði nýtt til þess að útfæra víðar í Reykjavík og tengt við TUFF verkefni í London og annars staðar.

Dagur B. Eggertsson

III Auglýsing um TUFF Breiðholt á íslensku

Auglýsingar voru gerðar á íslensku, ensku, pólsku, arabísku og spænsku

شهور بنينة
التسجيل | 157 7080 | www.tuff.is & leiknir.is

DEPORTE DURANTE
REGISTRO | 157 7080 | www.tuff.is & leiknir.is

DARMOWY PRZEZ TRZY MIESIĄCE
REJESTRACJA | 157 7080 | www.tuff.is & leiknir.is

FRITT SPORT I ÞRJA MÁNUGI
STRÁMING | 157 7080 | www.tuff.is & leiknir.is | 557 8020 | www.leiknir.com

TUFF-ÍR-LEIKNIR
"ÉG ER TUFF"
LEIKUM SAMAN LIFUM SAMAN

Breidholt
HEILSU FLANDI BREIDHOLT

UNITY FAITHS

KSI

PLAY TO WIN

JUGUET

IV Breiðholtsblaðið mars 2018

Borgin styrkir Breiðholtsbrúna



Þessi mynd var tekin við afhendingu styrkja borgarráðs en Breiðholtsbrúin er á meðal styrkþega.

Breiðholtsbrúin er eitt þeirra 40 verkefna sem borgarráð samþykkti að styrkja á fundi sínum 28. febrúar sl. Breiðholtsbrúin er frjálst félagsstarf og samstarfsverkefni Fjölskyldumístöðvar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar og Pepp Ísland. Breiðholtsbrúin er í grunninn opið hús þar sem allir eru velkomnir óháð aldri, stöðu, þjóðerni og öllum mögulegum breytum sem hægt er að tala til.

Verkefni er sniðið fyrir fólk á öllum aldri og án nokkurs tillits starfs, fjölskyldustöðu, þjóðernis eða neins annars. Í Breiðholtsbrúnni er kjórið tækifæri fyrir fólk sem finnur til félagslegrar einangrunar eða á ekki í samskiptum við ættingja eða vini til þess að eiga mannleg samskipti. Þetta getur átt við um fólk sem flust hefur hingað til lands, fólks sem á ef til vill flesta fjölskyldumeðlimi erlendis en einnig gróna Íslendinga sem langar að líta aðeins út fyrir sinn hversdagslega ramma. Kjarninn í starfi Breiðholtsbrúarinnar er sameiginleg eldamennska og hádegisverður þar sem skipt er á að elda en allir taka einhvern þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins. Samhliða mat er boðið upp á fönður eða aðra iðju og fyrirlestra eða fræðslu. Verkefnið er fyrst og fremst ætlað Breiðholtsbúum en þó eru allir velkomnir. Í Breiðholtsbrú koma Íslendingar, nýbúar, hælisleitendur, öryrkjar, eftirlaunaþegar og fólk í hlutastarfi svo eitthvað sé nefnt.



Pandora snýrti- og fóttaoðgerðastofa Mjódd

Dagana **15. mars - 6. apríl** ætlar hún Coline, snýrtifræðinemi frá Belgíu að vera með okkur á Pandoru.

Coline er búin að klára snýrtifræðiskólann og fékk það skemmtilega tækifæri að koma til Íslands að vinna og læra eitthvað nýtt og skemmtilegt.

Við bjóðum hana velkomna til okkar á Pandoru og langar okkur að bjóða **30% afslátt** af öllum handsnýrtingum og andlitsmeðferðum hjá Coline dagana **15. mars - 6. apríl**.

Tímamantanir eru í síma **555-1006**.

PANDORA

TUFF Breiðholt

- öll börn taki þátt

Breiðholtsblaðið heldur áfram að fylgjast með TUFF Breiðholt verkefninu sem nú hefur staðið yfir í rúma 2 mánuði. Með verkefninu býst 6 til 15 ára börnum sem ekki hafa tekið þátt í íþróttum áður að æfa án endurgjalds hjá ÍR eða Leikni í þrjú mánuði. Öll börn í Breiðholti eru hvött til þess að taka þátt og eru börn af erlendum uppruna boðin sérstaklega velkomin. Ásamt íþróttaiðkun er lögð áhersla á að kenna mannleg og samfélagsleg gildi.

Reykjavíkurborg rekur verkefnið í samstarfi við alþjóðlegu göðgerðasamtökin TUFF en aðalframkvæmdaaðilar verkefnisins eru íþróttafélögin Leiknir og ÍR. Hverfisstjóriinn í Breiðholti, Óskar D. Ólafsson hefur farið fyrir verkefninu fyrir hönd Reykjavíkurborgar og frá TUFF eru þau Dr Shamender Talwar og Hrund Hafsteinsdóttir.

Þrátt fyrir miklar annir gaf hópurinn sér tíma til þess að ræða við Breiðholtsblaðið um framvinduna í TUFF Breiðholt. Dr Talwar bendir strax á tvo lykilmenn í verkefninu, þá Þráinn Hafsteinsson frá ÍR og Helga Hafsteinsson frá Leikni. Þeir beri uppi framkvæmdina á TUFF verkefninu og þessi tvö félög hafi þegar unnið mikið þrekvirkni með starfi sínu í Breiðholti. Félögin hafi á að skipa þjálfurum á heimsklassa sem sé sérstök ánægja að vinna með.

Hvað segja ÍR og Leiknir

Þráinn frá ÍR sagði að með þátttöku í TUFF Breiðholt hafi hann kynnst alveg nýrri nálgun í starfinu: "Með þátttöku í TUFF Breiðholt verkefninu höfum við markvisst átt fundi og byggt upp samstarf við skóla, íþróttafélög, trúfélög, móðurmálsskóla, löggreglu og fleiri. Við verðum öll að vera samstíga í því að fá börn til þess að taka þátt í íþróttum eða tómstundum af einhverju tagi. Það skiptir máli fyrir líðsældina í samfélaginu. Ég vil hvetja sem flest börn til þess að taka þátt."


Helgi frá Leikni segist hafa mikla trú á þessu verkefni og er sannfærður um að hægt verði að ná til krakka sem ekki hafa æft áður. "Þetta er frábært forvarnarstarf og lærni barnanna eykst ekki bara líkamlega heldur líka andlega, svo þau eiga miklu meiri möguleika á að aðlagast samfélaginu eins og við í Leikni höfum séð svo mörg dæmi um. Við sjáum TUFF verkefnið sem tækifæri til þess að stækka okkar öfluga hóp. Við hjá Leikni viljum að Breiðholtíð vinni saman sem ein heild. Við verðum að auka samkennd og tryggja að enginn verði utanveltu. Hér á að vera þverskurður samfélagsins, bæði meðal iðkenda og þjálfara."

Hvers vegna er TUFF á Íslandi?


Dr Talwar verður fyrir svörum: "Frá 2013 hefur TUFF staðið fyrir mörgum verkefnum sem miða að því að fá börn og unglinga til þátttöku í íþróttum og tómstundum og kenna þeim samfélagsleg gildi. Mörg verkefnanna eru í Bretlandi þar sem við erum í samstarfi við breiða innviðkerfið og hafa



Þessi mynd var tekin á fundi með KSÍ sem styður verkefnið. Á myndinni eru Helgi Óttarr Hafsteinsson, Hrund Hafsteinsdóttir, Guðni Bergsson, Þráinn Hafsteinsson og Samander Talwar.



Þessi mynd var tekin í Breiðholtsskóla 22. febrúar og þarna eru tveir nemendur með kynningarbækling um Tuff verkefnið.



Þrá áhugasamar stelpur um TUFF verkefnið í Hólabrekkuskóla.

Lagði hann ríka áherslu á að TUFF verkefnið væri ekki einskorðað við nýbúa. "Það er mikilvægt að verkefnið nái til allra barna, ekki bara þeirra sem eru að erlendu bergi brotin. Verkefnið snýst um að byggja upp skilning og samstöðu og því verður ekki náð nema með þátttöku allra. Á næstunni mun TUFF taka stefnu á önnur hverfi Reykjavíkur og aðra landshluta."

Hrund, einnig frá TUFF kom með verkefnið til landsins ásamt Dr Talwar og undirstríkar forvarnargildi verkefnisins:

"Við vitum hvað það er mikilvægt að börn og unglingar, burtséð frá bakgrunni eða uppruna, upplifi sig sem hluta

Sterkt og sameinað Breiðholt

Óskar hverfisstjóri í Breiðholti segir að það hefði komið sér á óvart hve gríðarlega víðtækt TUFF verkefnið væri. "Það hafa allir hlutverk, skólar, íþróttafélög, félagsmíðstöðvar og trúfélög. Okkar markmið er að fá krakkana til að taka þátt og að ná betur til foreldranna. Verkefnið gengur út á að styðja börnin til þess að verða betri manneskjur og að undirbúa þau betur fyrir þátttöku í samfélaginu. Verkefnið styður við önnur verkefni sem Breiðholt hefur skipulagt, svo sem Heilsuflandi Breiðholt og fjölskyldumístöðina. Við öllum

V Grein í Morgunblaðinu, dags. 18. júní 2018

Ísland er hluti af framtíð Bretlands

Eftir Michael Nevin

Á miðvikudaginn síðasta hélt breaska sendiráðið í Reykjavík upp á afmælisdag Elísabetar drofntaungar sem er 92 ára og enn í fullu fjóri.

Áð þessu sinni fóru háttihöldin fram á Laugarvalsveili af fyrsta lagi eru bæði Englendir og Ís-

lendingar með fíðholtáfar yfir heimsmeistaravélinu og því víðeigandi að við tökum þátt í þessum sögulega viðburði með því að hafa þessi háttihöld á ljóðarleikvangi Íslendinga hölti. Heimsmeistaravélin og ekki sístur vegna tengsla og áhuga Íslendinga á ensku úrvalsdælinni.

Einnig er vert að tala um að endurbýggja Laugarvalsveili. Ef það er framkvæmt af metnaði og vilja er þetta tækifæri til að bregðast við eftirspurn eftir fjölþéttir nútíma aðstöðu, sem getur sameinað íþróttir, tónlist, skemmtun, vísindis og veltur áhuga íbúa á svæðinu. Bretland er leiðandi í heiminum hvað varðar sérþekkingu á sviði hönnunar og hefur að geyma mörg fyrirtæki sem hafa hannað og byggt leikvanga fyrir úrvalsdælinna, í Evrópu og um allan heim. Við getum boðið upp á skapandi möguleika og hlökkum til að leggja okkar af mörkum í þessu opna ferli.

Og síðast en ekki síst stuðningur

sendiráðsins við samstarf Bretlands og Íslands í ungmennastarfi TUFF FC. Samstarfið yfir undirgjöld um jafnrétti, sjálfsmýnd, heilbriggt lífni og virðingu fyrir öðrum og að enginn sé skilinn útundan.

Ungmennastarfið notar íþróttir sem forvarnarstarf til að koma í veg fyrir að börn afvegaleiðist.

Framtíðin er brækt og hefur fært sig yfir til Íslands og leiðir saman börn sem hafa nýlega flutt til Íslands og börn sem hafa bú-
ið hérna allt sitt líf. Yfirvöld í Bretlandi, Vesturbae og Kópavogi taka þátt í venkefönu með stuðningi KSÍ og Guðna Th. Jóhannessonar forseta.

Bretar ganga brátt úr Evrópu-sambandinu en ekki úr Evrópu. Það er Bretlandi og ESB í hag, sem nágrömmum og bandamönnum, að náð samstarf haldi áfram.

Það er rökrétt fyrir Bretland og ESB að samþykka fordæmislaust nið og sérskipt samband. Við viljum ekki að fyrirtæki innan ESB verði fyrir hindrunum í vískaþtum við Bretland – enga nýja tolla né takmarkanir. Einnig viljum við ekki að rannsókn- eða öryggissamstarf verði fyrir hindrunum. Ekki heldur milli Bretlands og ESB verði fyrir hindrunum. Við hvetjum ESB til að vera skapandi og djúrfari í að ná sam-

komulagi í þágu borgara sinna og fyrirtækja.

Samhlíða munum við kynna Bretland á alþjóðavettvangi, og halda áfram að setja Bretland í miðju heimsála, sem leiðandi á alþjóðlegri frávorsun og í samstarfi við vaxtarmerkaði í heiminum til framtíðarinnar.

Við gerum þetta full sjálfsrausts og erum lykilmæðlimir í mikilvægum alþjóðastofnunum. Einnfremur erum við með firmna stærsta hagkerfið í heiminum og síðasta ári jókst erlend bein fjárfesting um 6% í Bretlandi. Landið heldur síðan áfram að vera helsti áfangastaðurinn í Evrópu og fjórútu milljónum manna heimsækja Bretland á ári hverju auk þess sem metfjöldi aðþjódlegra nemenda mun hefja nám á þessu ári.

Í apríl jókst útflytningur Bretlands um nímulega 7% frá fyrra ári og atvinnuleysi hefur aldrei verið jafn lítið. Þar að auki erum við fremst í flokki í atvinnugreinum framtíðarinnar; nýtt stafrænt tækniyrirtæki er stofnað í Bretlandi á 50 mínútna þresti og bresk tækni er til staðar í 95% af farsinum heimsins svo fátt eitt sé nefnt.

Við vinnum náð með Íslandi og það mætti segja að við deilum DNA- líkalega, menningarlega, málvísindalega (að vissu marki). Við erum með sama hugarfarir í sambandi við fjárfestingu, sjálfbærni í umhverfismálum og mikilvægi alþjóðlegra reglubundinna kerfa. Við vinnum saman á alþjóðavettvangi og áhrif loftslagsbreytinga í hafnum okkar og á norðurslóðum eru af

» Bretar ganga brátt úr Evrópusambandinu en ekki úr Evrópu. Það er Bretlandi og ESB í hag, sem nágrömmum og bandamönnum, að náð samstarf haldi áfram.

svipuðum toga. Við lærum af ykkur og þið lærið af okkur.

Þið hjálpið að tryggja öryggi okkar í Norður-Atlantshafinu, á meðan þið styðji líka við öryggi norrænna nágranna og annarra. Og við hjálpuðum að tryggja öryggi ykkar, þar á meðal með því að taka þátt í loftvísingum yfir Íslandi frá næsta ári.

Þið eruð mikilvæg þegar kemur að framboði sjávarfangs í Bretlandi, sem hjálpar til við að halda uppi yfir 5.000 störfum á Humber-svæðinu einu saman. Íslensk fyrirtæki fjárfesta í Bretlandi – við tökum á móti einn fleirum nútíma þegar við tökum á móti fjárfestingum lífeyrissjóða.

Samband ykkar á bæði fræði- og rannsóknarsviði við breska háskóla er sterkt og sumir knattspyrnumannama ykkar lífga upp á úrvalsdælinna. Þið heimsækjið Bretland í stórum stíl og oft eruð þið í topp 50 hvað varðar eyðslu á manni. Tónlistin ykkar, kvikmyndir og bókmenntir hafa jálræð áhrif á menningarlíf Bretlands, eins og Ófærð og íslenskarglæpasögur.

Vískaþti voru 1,6 milljarðar stærlingspunda á síðasta ári og þrjú hundruð og tuttugu þúsund breskir gestir komu til Íslands. Fyrsta beina flugið til Akureyrnar var frá Bretlandi, á þessu ári, og þar með urðu flugvellirnir fleiri en 10 í Bretlandi sem bjóða upp á flug til Íslands. Nýjasta herferðin okkar til að hvetja Breta til að vera ábyrgir á ferðalagi og fylgja íslenskrí leiðsögn notar fráberar myndir eftir Brian Pilkington, sem hvað þekktastur er fyrir trölla- og jólasveinamyndirnar sínar.

Við erum að vinna mjög vel með íslenskum stjórnráðgjöf og fyrirkomulag eftir Brexit og það er mjög mikil þátttaka hjá ráðherrum og opberum embættismönnum sem og þingmönnum. Ljóst er að við erum sammála um að vilja halda áfram vískaþtasambandi okkar og þar að auki erum við nálægt því að ná samkomulagi um að gera íslenskum borgurum sem búa í Bretlandi og breskum borgurum sem búa á Íslandi kleift að halda því áfram eftir Brexit.

En einnig höfum við bæði metnað til að fara enn lengra, til að nýta tækifærin fyrir enn dýnamískara og umfangsmeira samband. Á þessu ári ætlum við að samþykka sameiginlega framtíðarsýn sem mun auka samstarf okkar á öllum sviðum. Ísland er svo sammarlega hluti af framtíð Bretlands.

Höfundur er sendiherra Bretlands á Íslandi.

VI Skrá yfir fundi

Eftirfarandi yfirlit er ekki tæmandi og tekur ekki til funda sem fulltrúar TUFF áttu á tímabilinu ágúst – nóvember 2017 vegna undirbúnings verkefnis.

Nóvember 2017

8. Fyrsti fundur um aðkomu ÍR að TUFF, ÍR-heimili
10. ÍR-heimili
15. Fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur vegna fjármögnunar
17. Utanríkisráðuneyti
22. Fundur með Óskari Dýrmundi Ólafssyni, hverfisstjóra vegna TUFF

Desember 2017

5. Gerðuberg
12. Gerðuberg
14. Gerðuberg, stýrihópur
15. ÍR-heimili

Janúar 2018

10. ÍR-heimili
11. ÍSÍ og ÍBR kynning TUFF
12. ÍR-heimili
18. Gerðuberg, stýrihópur
22. KSÍ kynning TUFF
24. Almennur kynningarfundur í Gerðubergi með þjálfurum, kennurum og skólastjórnendum grunnskóla, lögreglu, starfsmenn félagsmiðstöðva o.fl.
25. Gerðuberg, stýrihópur
31. Þjálfarafræðsla 1 í Gerðubergi

Febrúar

1. Gerðuberg, stýrihópur
2. ÍR-heimili
5. Ölduselsskóli kynning x2
5. ÍR-heimili
6. Ölduselsskóli kynning x2
6. Breiðholtsskóli kynning fyrir kennarar
7. Seljaskóli kynning
7. Þjálfarafræðsla 2 í Gerðubergi
8. Seljaskóli kynning
8. Gerðuberg, stýrihópur
8. Seljaskóli, fundur með skólastjóra
9. Seljaskóli kynning
9. Fella og Hólakirkja fundur
9. Moskan í Hlíðunum kynning
9. Pólska sendiráðið kynning
12. Miðberg kynning
13. ÍR-heimili

13. Þjálfarafræðsla 3 í Gerðubergi
14. Pólska sendiráðið
15. Gerðuberg, stýrihópur
16. ÍR-heimili
22. Hólabrekkuskóli kynning x3
22. Gerðuberg, stýrihópur
23. Breiðholtsskóli kynning x3
24. Pólski skólinn, kynning
26. Fundur með hverfisstjóra

Mars

1. Gerðuberg, stýrihópur
2. Fundur með dansskóla Brynju Péturs v/TUFF
3. Spænski skólinn, kynning
5. Hólmasel frístund, kynning
5. Miðberg félagsmiðstöð, kynning
6. Hólmasel kynning
7. Álfheimar frístund, kynning
7. Hraunheimar frístund, kynning
8. Gerðuberg, stýrihópur
8. Vínasel frístund, kynning
8. Regnboginn frístund, kynning
9. Fundur verkefnastjóra og hverfisstjóra með fulltrúa Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar
9. ÍBR fundur vegna fjármögnunar
9. Vínheimar frístund, kynning
9. Bakkasel frístund, kynning
12. Bakkinn frístund, kynning
12. Bakkinn félagsmiðstöð, kynning
13. Fellaskóli, kynning x3
13. Miðberg félagsmiðstöð, kynning
15. Gerðuberg, stýrihópur
15. Gerðuberg, fjármál

Apríl

12. Seljaskóli kynning x 4
17. Fundur með lögreglumönnum í Breiðholti og Kópavogi
24. Kópavogsbær, kynning
25. Garðabær, kynning á TUFF Breiðholt
27. Gerðuberg, stýrihópur

Maí

2. KR, kynning á TUFF Breiðholt tilraunaverkefninu
3. Gerðuberg, stýrihópur

Júní

Lokaskýrsla útgefin